

Ú R S K U R Ð U R

Héraðsdóms Vestfjarða 3. júlí 2007 í máli nr. A-5/2006:

Fiskeldistækni ehf.

(Lúðvík Örn Steinarsson hrl.)

gegn

Steinbjörgu ehf.

(Guðmundur Ágústsson hdl.)

Mál þetta barst dómnum 13. október sl. Meðferð þess var frestað að ósk aðila vegna gagnaöflunar, en það var síðan munnlega flutt og dómtekið 7. júní sl.

Gerðarbeiðandi, Fiskeldistækni ehf., Hrauntungu 5, Kópavogi, krefst þess að skipið Bjarmi BA-326, skipaskrárnúmer 1321, verði tekið úr vörslum gerðarþola, Steinbjargar ehf., Skógum, Tálknafjarðarhreppi, með beinni aðfarargerð og fengið lögmanni gerðarbeiðanda fyrir hans hönd. Þá er krafist málskostnaðar.

Gerðarþoli krefst þess að synjað verði um að kröfur gerðarbeiðanda nái fram að ganga auk þess sem málskostnaðar er krafist.

I.

Gerðarbeiðandi eignaðist framangreint skip samkvæmt afsali þann 18. apríl 2005. Kveðst hann hafa hugsað sér að selja það aftur, en falið Niels Adolf Ársælssyni, Skógum, Tálknafirði, vörslur þess tímabundið.

Í málinu liggur frammi leigusamningur um skipið. Samkvæmt honum tók gerðarþoli skipið á leigu af gerðarbeiðanda frá 22. júní 2006. Samningurinn átti að vera ótímabundinn, en með sex mánaða uppsagnarfresti. Skyldi leigan vera 5% af aflaverðmæti ásamt virðisaukaskatti og greiddast eftir á, á gjalddaga 10. hvers mánaðar, í fyrsta sinn 10. ágúst 2006. Skyldi innheimta hana með reikningi um hver mánaðamót. Samningurinn er undirritaður af fyrrnefndum Niels fyrir hönd gerðarþola. Af hálfu gerðarbeiðanda sem leigusala er ritað nafn Ólafs Wernerssonar, stjórnarmanns og framkvæmdastjóra gerðarbeiðanda.

Gerðarbeiðandi kveður þessa nafnritun vera falsaða og kærði lögmaður framkvæmdastjórans hana til ríkislögreglustjóra þann 22. september 2006.

Gerðarbeiðandi kveður sér aftrað með ólögumætum hætti að fá lögmetar vörslur skipsins og krefst aðfarar með vísan til 78. gr. laga nr. 90/1989.

II.

Gerðarþoli kveður fyrrnefnda fyrirvarsmenn gerðarbeiðanda og gerðarþola hafa ákveðið við gjaldþrot fyrri eiganda skipsins að kaupa það í sameiningu. Hafi þeir ætlað að selja skipið aftur. Gerðarbeiðandi hafi lagt fram kaupverðið. Fyrirtækið Skip ehf., í eigu fjölskyldu fyrirvarsmanns gerðarþola, hafi haft leigusamning um skipið og hafi verið ákveðið að fella þann samning ekki úr gildi, heldur halda fiskveiðileyfi sem Skip ehf. hafði fengið.

Ekki hafi tekist að selja skipið. Hafi verið ákveðið að taka það í slipp til lagfæringa áður en það yrði boðið til sölu á ný. Forsvarsmenn Skips ehf. hafi borið kostnað af lagfæringunum. Það félag hafi verið tekið til gjaldþrotaskipta. Hafi þá verið stofnað til gerðarþola, til að taka við rekstri skipsins. Hafi verið samið um það við fyrirvarsmann gerðarbeiðanda að færa samninginn yfir á gerðarþola. Hafi hann samþykkt það og hafi einn starfsmanna gerðarþola farið með samning, sem lögmaður samdi, til fyrirvarsmannsins og hafi hann undirritað hann fyrir hönd gerðarbeiðanda.

Gerðarþoli kveðst byggja á því að gildur leigusamningur sé fyrir hendi um skipið og mótmælir því að undirritun fyrirvarsmanns gerðarbeiðanda á hann sé fölsuð. Þá megi á það benda að viðskipti aðila séu flóknari en svo að þau verði útkljáð í máli um beina aðfarargerð. Hafi varnaraðili, fyrirvarsmaður hans og fjölskylda fyrirvarsmannsins staðið straum af öllum kostnaði vegna skipsins og telji sig eiga stórfellda kröfu á gerðarbeiðanda af þeim sökum.

III.

Í málinu liggur frammi skrifleg aðilaskýrsla fyrrnefnds fyrirvarsmanns gerðarþola. Kemur þar fram að eiginkona hans hafi vottað undirritun hans á nefndan samning, en að starfsmaður hans hafi farið með samninginn á heimili fyrirvarsmanns gerðarbeiðanda til undirritunar. Nefndur starfsmaður undirritar samninginn sem vottur. Þá liggur frammi skrifleg yfirlýsing starfsmannsins um að fyrirvarsmaðurinn hafi undirritað skjalið.

Við munnlegan málflutning var lögð fram skrifleg matsgerð frá rannsóknarstofu sænsku lögreglunnar (Statens kriminaltekniska laboratorium), um rannsókn á undirritun fyrirvarsmanns gerðarbeiðanda og samanburð við sýnishorn af rithönd hans. Þar segir að við samanburð á vefengdu undirskriftinni og rithandarsýnunum sjáist viss svipur hvað snerti stíleinkenni, einföldunarstig og form tilgreindra stafa. Á móti komi frávik hvað snerti innbyrðis hlutföll bókstafa og form tilgreindra tveggja stafa. Að auki fyrirfinnist ekki í sýnunum nákvæm samsvörun á þeim stoppum í skriftinni sem sé að finna í vefengdu undirskriftinni, bæði í skírnar- og eftirnafni. Erfitt sé að leggja öruggt mat á athuganirnar en ekki virðist gerlegt að líta fram hjá frávikunum. Sá svipur sem sé til staðar bendi helst til þess að umrædd undirskrift hafi orðið til sem tilraun til að eftirmynda frihendis eiginhandarundirskrift fyrirvarsmannsins. Bendi niðurstöðurnar í nokkrum mæli til þess að vefengda undirskriftin sé ekki eiginhandarundirskrift hans.

IV.

Gerðarbeiðandi er þinglýstur eigandi framangreinds skips. Fyrirsvarsmáður hans hefur kært til lögreglu meinta fölsun leigusamnings sem gerðarþoli byggir rétt sinn til skipsins á. Niðurstöður rithandarrannsóknar benda til þess í nokkrum mæli að undirritunin sé fölsuð. Ekki liggur fyrir að leigugjald samkvæmt samningnum hafi nokkru sinni verið innt af hendi eða reikningur gerður fyrir því. Sá tími sem liðinn er síðan fyrirsvarsmáðurinn kærði meinta fölsun til lögreglu er umfram þann uppsagnarfrest sem samningurinn kveður á um. Í ljósi þessara atvika verður ekki talið að gerðarþoli geti að svo komnu máli byggt rétt til skipsins á nefndum samningi. Verður krafa gerðarbeiðanda samkvæmt því tekin til greina.

Krafa um málskostnað var ekki höfð uppi í aðfararbeiðni, en gerð við munnlegan flutning málsins. Verður hún talin nægilega snemma fram komin, sbr. dóm Hæstaréttar Íslands 1. september 2003 í máli nr. 308/2003. Verður gerðarþola gert að greiða gerðarbeiðanda 100.000 krónur í málskostnað.

Úrskurðinn kveður upp Erlingur Sigtryggsson dómstjóri.

Úrskurðarorð:

Gerðarbeiðanda, Fiskeldistækni ehf., er heimilt að fá skipið Bjarma BA-326, skipaskrárnúmer 1321, tekið úr vörslum gerðarþola, Steinbjargar ehf., með beinni aðfarargerð.

Gerðarþoli greiði gerðarbeiðanda 100.000 krónur í málskostnað.

Erlingur Sigtryggsson